

RYKSUGUR

FIMMTUDAGUR 22. OKTÓBER 2015

Kynningarblað Húsgagnahöllin, Marpól, Einar Farestveit og Co.



Roomba 800-serían er með háþróað burstakerfi sem hreinsar hár, smáryk, dýrahár og annað ósýnilegt ryk eða óhreinindi.

Áreynslulaus gólfþrif með iRobot Roomba

Með iRobot Roomba-ryksuguvélmenninu verða gólfþrifin áreynslulaus. Ryksugan er sjálfvirk og er hægt að sinna öðru á meðan hún sér um gólfín. iRobot-ryksuguvélmennin hafa unnið til fjölda verðlauna síðustu ár og skila 50 prósent betri hreinsun en aðrar gerðir.

iRobot var stofnað árið 1990 og er fyrirtækið þekktast fyrir að búa til róbóta fyrir NASA. Fyrirtækið notaði tæknikunnáttu sína til þess að framleiða og búa til bestu ryksuguvélmenni heims. iRobot ryksuguvélmennin hafa hlotið fjölda mörg verðlauna og viðurkenningar síðustu ár og komu meðal annars best út í sex samanburðardómum við önnur ryksuguvélmenni.

Í vélmenninu er iAdapt-hugbúnaður sem vinnur með skynjum til þess að bregðast rétt við umhverfinu hverju sinni. Felli-skynjarar gera það að verkum að vélin fer ekki fram af tröppum. Þá er hægt er að tímastilla vélinu viku fram í tímann, sem auðveldar þrif til muna.

Roomba 800-serían er með háþróað burstakerfi sem hreinsar hár, smáryk, dýrahár og annað ósýnilegt ryk eða óhreinindi. Í

iRobot er sömuleiðis háþróað kerfi sem samtvinnar hugbúnað og skynjara og gefur hámarkshreinsun, eða allt að 50 prósent betri hreinsun en aðrar gerðir. Gólfþrifin verða því áreynslulaus og gefst aukið svigrúm til að sinna öðru en að ryksuga og einfaldlega að njóta dagsins.

Vélin fer sjálf í heima-stöð að þrifum loknum og þar er hún hlaðin. Í Roomba 800 seríunni er ný Xlife-rafhlaða sem er mun öflugri en í eldri gerðum og endist tvisvar sinnum lengur.

iRobot-ryksuguvélmennið fæst í Heimilistækjum en Heimilistæki er með verlanir á sjö stöðum á öllu landinu. Allt vöruúrvalið og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Heimilistækja, ht.is.



Í iRobot Roomba 800 seríunni er ný Xlife-rafhlaða sem er mun öflugri en í eldri gerðum og endist tvisvar sinnum lengur.

Ný tíska skekur miðbæinn

Eru lattélepjandi hippsterar í hundrað og einum svo töff að þeir fara frekar út að viðra ryksugurnar sínar en hundana? Eftir smá rannsóknarvinnu undanfarna mánuði, myndatökur og frekari þælingar hallast Kristján Hjálmarsson að þeirri skoðun.

Það var á blautum vordegi í apríl sem Kristján Hjálmarsson, viðskipta- og almannatengslastjóri hjá H:N Markaðssamskiptum, sá í fyrsta sinn mann draga ryksuguna sína niður Bergþórugötu í Reykjavík. Þetta þótti honum frekar sérkennileg sjón svo hann tók mynd á símann sinn og setti inn á Facebook-vegg sinn með stöðu-uppfærslunni „Í 101 fer fólk út að ganga með ryksugurnar sínar“.

Kristjáni fannst þetta skemmtileg upplifun en átti ekki sérstaklega von á að sjá fleiri slíka menn á vappi um miðborgina. Því varð undrun hans ekki minni daginn eftir þegar hann sá annan mann koma gangandi niður Bankastræti dragandi á eftir sér ryksugu eins og hann væri úti að viðra hundinn sinn. „Þá gerði ég mér grein fyrir því að hér væri eitthvað nýtt og spennandi að gerast, jafnvel ný tíska á ferð sem ég þyrfti að skoða betur.“

Þykist vera að vinna

Eftir stutt spjall við tónlistarmanninn Stafrænan-Hákon varð til myllumerkið #lattesugan101 og merkti Kristján allar ryksugumyndir sínar þannig á Facebook. „Myllumerkið vísar til þess að lattélepjandi hippsterar í hundrað og einum eru svo töff að þeir fara frekar út að viðra ryksugurnar sínar en hundana. Það hafa bæst við nokkrar svona myndir í sumar og haust og mér finnst þetta alltaf jafn skemmtilegt enda fátt furðulegra en að sjá fólk viðra ryksugurnar sínar.“

Flestar eru myndirnar teknar út um gluggann á fundarherberginu hjá H:N Markaðssamskiptum en herbergið er að hans sögn á besta stað í Reykjavík. „Út um gluggana er hægt að horfa upp Skólavörðustíg og Laugaveg, beint niður á Ingólfsstræti og niður Bankastrætið svo það er fátt sem fer fram hjá mér, sérstaklega í ljósi þess að ég er frekar forvitinn maður. Reyndar fer ég oft inn í fundarherbergi til að þykjast vera að vinna en er í raun bara að horfa út um gluggann í von um að ná mynd af lattésugu.“

Skellti á mömmu sína

Kristján segist því miður hafa misst af nokkrum lattésugum sem hafa verið úti að viðra ryksugurnar sínar og gráti hann það sárt. „Stundum er ég bara of seinn að ná í símann eða einfaldlega upptekinn við eitthvað annað í vinnunni. Einu sinni þurfti ég samt að skella á mömmu mína til að ná góðri mynd. Ég held hún sé ekki enn búin að taka útskýringu mína trúanlega. „Mynd af hverju?“ hváði hún.“

Að sama skapi er eiginkonu Kristjáns lítið skemmt yfir þessum uppátækjum eiginmannsins. „Það spilar sennilega inn í að ég hef gert mér það að leik að taka myndir af henni sofandi og á orðið dágott safn. Þetta eru fráberar myndir þó ég segi sjálfur frá, teknar í flugvél, rútu, í sófanum yfir sjónvarpinu og hvað



„Reyndar fer ég oft inn í fundarherbergi til að þykjast vera að vinna en er í raun bara að horfa út um gluggann í von um að ná mynd af lattésugu,“ segir Kristján Hjálmarsson, viðskipta- og almannatengslastjóri hjá H:N Markaðssamskiptum og áhugamaður um nýja strauma í samfélaginu.

MYND/STEFÁN



Kristján segist því miður hafa misst af nokkrum lattésugum sem hafa verið úti að viðra ryksugurnar sínar og gráti hann það sárt.

MYND/STEFÁN

„Einu sinni þurfti ég að skella á mömmu til að ná góðri mynd.“

eina. Ég stefni meira að segja á að halda sýningu með þeim myndum innan skamms. Það yrði meira að segja samsýning því þannig háttar til að góðvinnur minn hefur líka tekið myndir af konunni sinni sofandi og mér skilst að það séu stórkostlegar myndir. Það stefnir því í hörku sýningu.“

Hann segir ólíklegt að lattésugurnar viti af myndatökum hans. „Ég verð því að biðja þær fyrirfram afsökunar á myndbirtingunum. Myndirnar eru oftast illa teknar og með lélegum instagrafilter. En það skiptir ekki öllu, aðalmálið er ryksugan sjálf. Ég mun halda þessu áfram í haust en á nú frekar von á að þeim fækki þegar vetur skellur á með tilheyrandi snjó og kulda.“



Fyrsta ryksugumyndin var tekin á Bergþórugötu á drungalegum rigningardegi í apríl fyrr á árinu.

MYND/ÚR EINASAFNI



Fáir sleppa undan haukfránum augum Kristjáns.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Hippster viðrar ryksuguna sína á fallegum sumardeg.

MYND/ÚR EINASAFNI

Standa frammar öðrum

Dyson-handryksugurnar eru margfalt aflmeiri en hefðbundnar handryksugur en þær hreinsa 99,97 prósent af öllum ögnum sem inn í þær fara. Ryksugurnar eru þráðlausar, pokalausar og afar meðfærilegar. Þráinn Farestveit segir engar betri.

Dyson-handryksugurnar fást í þremur gerðum og eru allar margfalt aflmeiri en hefðbundnar handryksugur. „Það eru engar sambærilegar vélar á markaðnum,“ segir Þráinn Farestveit, verslunarstjóri Einars Farestveit og Co hf. Þær eru búnar handhægu skafti og koma með mismörgum loftpípum en fjöldi þeirra segir til um hversu aflmiklar þær eru. Þá er ending rafhlaðanna mun betri en í öðrum handryksugum.

„Dyson V6 er hefðbundin, Dyson V6 Absolute er aflmeiri og Dyson V6 Animal sú alkröftugasta en hún er hugsuð fyrir fólk með dýr,“ útskýrir Þráinn. Þær eru búnar Lithium-ion rafhlöðutækni og endist hleðslan í allt að 25 mínútur. Þá hreinsar ryksugugurnar allt að 99,97% af öllu ryki sem er niður að 0,3 mikrógrömmum. Þeim fylgir líka sérstök veggfesting sem er hægt að koma fyrir inni í skáp eða annars staðar og auðveldar allan frágang, en hún er jafnframt hleðslustöð. Ryksugunum fylgja sömuleiðis ýmsir aukahlutir sem auðvelda þrífingunni frekar. Rykið er svo losað í sorp með einum smelli og engra poka er þörf.“

Að sögn Þráins eru ryksugurnar afar meðfærilegar. „Þar sem ekki þarf að stinga þeim í samband er auðvelt að fara með þær á milli hæða en langt skaftið gerir það að verkum að hægt er að bera sig svipað að og þegar ryksugað er með hefðbundinni ryksugu. Þá er armurinn neðst við sópinn mjög hreyfanlegur þannig að auðvelt er að ryksuga bæði ofan af húsgögnum og undir þeim. Stífur nylonbursti fjarlægir óhreinindi vel úr teppum og fiber-þræðir í burstanum hjálpa til við að þrifa smáryk á gólfi.“

Ryksugurnar henta að sögn Þráins bæði á heimilum og í hverskyns atvinnuhúsnæði. „Þær eru sömuleiðis frábærar til notkunar við þrif á bílum, hjólhýsum og öðru slíku.“ Þráinn segir að James Dyson, sem ryksugurnar eru kenndar við, sé þekktur fyrir nýstárlega nálgun í raftækjaframleiðslu. „Hann setti fyrstu pokalaus ryksuguna á markað árið 1983 og frá þeim degi hefur hann framleitt þær í algerum sérflokk. Hann gekk með hugmyndina manna á milli en fékk engan hljómgrunn. Hann hóf því eigin framleiðslu. Menn hafa síðan reynt að feta í fótspor hans en Dyson-handryksugurnar standa enn langt frammar öðrum.“



„Það eru engar sambærilegar vélar á markaðnum,“ segir Þráinn Farestveit.

MYND/GVA



Áhrifaríkari ryksugun

Fylgja ætti nokkrum grunnreglum til þess að gera ryksugun skilvirkari. Til dæmis á ekki að fara hamförum og ryksuga eins og vindurinn. Mun betra er að fara hægt yfir. Þá er ryksugun síðasta húsverkið sem á að sinna fyrir utan skúringar.

Fyrsta meginreglan við þrif er sú að ljúka skal við öll þrif áður en lagt er í að ryksuga. Ástæðan er sú að ryk og skítur þyrlast upp þegar þurrkað er af, búið er um rúm og gluggar þússaðir. Þetta ryk sest á gólf- ið og því tilgangslaust að vera búinn að ryksuga.

„Best er að flýta sér hægt til að gefa vélinni nægan tíma til að sjúga upp rykið.“

- Áður en hafist er handa við ryksugun þarf að tína allt upp af gólfinu. Gæta þarf vel að smáhlutum sem geta stíflað vélina. Mælt er með að klæðast flík með vösum, til dæmis svuntu sem hægt er að stinga smáhlutum í þegar þeir verða á veginum.
- Ef ryksuga á teppalagt herbergi er best að byrja við dyrnar og vinna sig yfir rýmið. Ryksuguhausinn er dreginn fram og til baka. Passa þarf að sogkrafturinn er minni út til hliðanna og því best að láta ræmurnar skarast sem er búið að ryksuga.
- Gott er að ryksuga vel út í öll horn með því að nota ryksugustútinn. Þetta þyrfti að gera í þriðja hvert skipti. Gott er að byrja á þessu leiðindaverki.
- Best er að flýta sér hægt til að gefa vélinni nægan tíma til að sjúga upp rykið.
- Flestar ryksugur ryksuga best þegar þær eru dregnar til baka í áttina að þeim sem ryksugar. Því er best að ryksuga hratt frá sér en

hægar þegar hún er dregin að.

- Kögur á mottum er gott að ryksuga með því að setja ryksuguhausinn á mottuna og færa hann síðan út að enda kögursins. Ef farið er í öfuga átt sogast kögrið upp í ryksuguna.
- Parket rispast auðveldlega. Því þarf að vera vel vakandi um að hjólin á ryksugunni séu í lagi, rúlli vel og séu ekki skítug. Notið rétta stillingu á ryksuguhausnum þannig að hann rispi ekki heldur. Ryksugið alltaf í sömu átt og plankarnir liggja.
- Gætið að því að ryksugupokinn sé ekki fullur þar sem það hefur áhrif á sogkraft vélarinnar. Flestar vélar fara að missa kraft strax eftir að pokinn er orðinn hálffullur.
- Takið ryksuguna úr sambandi þegar verið er að skipta um poka. Aldrei skal ryksuga upp bleytu.
- Ekki biða þangað til teppið lítur út fyrir að vera skítugt. Skítur getur safnast fyrir undir þráðum teppisins löngu áður en hans verður vart.



Vissa tækni þarf til að ryksuga mottu.



Parket rispast auðveldlega. Því þarf að vera vel vakandi fyrir því að hjólin á ryksugunni séu í lagi.

Gæði og góð þjónusta í 80 ár!

minnum á

**LAGER
SÖLUNA**

**20-60%
afsláttur**
vertu velkomin!

Nilfisk

Nilfisk
Handy
2-in-1



Nilfisk
Elite



Nilfisk
Coupé



Nilfisk
Bravo



Nilfisk
Select



Nýtt

Við erum 80 ára

Gaman að ryksuga með Sebo


Þýsku Sebo-ryksugurnar eru endingargóðar og vandaðar. Þær eru þægilegar í notkun og hafa sérstaklega gott filterkerfi og eru því góðar fyrir ofnæmissjúklinga og aðra sem þola illa ryk. Sebo-ryksugurnar fást hjá Marpól ehf. en þar er gott úrval af ryksugum.

Marpól ehf. selur Sebo-ryksugurnar sem eru, að sögn Valþórs Þorgeirssonar eiganda, Rolls Royce ryksuganna. „Sebo eru þýskar og eru framleiddar í Þýskalandi að öllu leyti. Ryksugurnar eru mjög vandaðar, þær eru mjög þéttar, notendavænar og endingargóðar,“ segir Valþór.

Sebo er bæði hægt að fá sem heimilis- og fyrirtækjaryksugur. Valþór segir þær hafa mjög gott filterkerfi og vera þekktar fyrir það. „Sebo-vélarnar eru góðar fyrir ofnæmissjúklinga og þá sem þola illa ryk. Einnig henta þær vel á heimilum þar sem eru gæludýr. Hægt er að setja í ryksugupokana ilmstauta sem gera útblásturinn ferskan. Auk þess er sérstakur stuðpúði utan um vélarnar, sem kemur í veg fyrir skemmdir á húsgögnum og innréttingum og á ryksugunni sjálfri, ef hún rekst utan í þegar fólk dregur vélna á eftir sér.“

Alls kyns aukahlutir

Margar tegundir eru innan Sebo-línunnar og er hægt að fá þær allar með svokölluðum burstahaus sem hentar vel á teppi og steinteppi. „Flestar ryksugur eru ekki burstaryksugur, þær er bara með sog í hausnum en ekki bursta sem bankar teppið í leiðinni. Það næst því miklu meiri árangur þegar teppi eru ryksuguð með burstaryksugu en með annars konar ryksugum,“ segir Valþór. Hann bætir við að auðvelt sé að fá alls kyns aukahluti á þær. „Til dæmis má



Bakryksugurnar sem fást hjá Marpól er gott að nota í rýmum þar sem ekki er gott að vera með rafmagnssnúru á eftir sér. Einnig fást þar Hipster mjaðmaryksugur sem henta vel fyrir fagfólk.

Viðgerðarþjónusta í boði

Hjá Marpól ehf. er gott úrval ryksuga og þar má meðal annars fá TSM-tunnuryksugur sem er nýjung hjá fyrirtækinu. Þær eru í mörgum stærðum og hægt að fá með teppahreinsibúnaði. Einnig býður fyrirtækið upp á bakryksugur. „Bakryksugurnar eru bæði með snúru og án. Þær eru rafhlöðudrifnar og gott er að nota þær í stigagöngum, flugvélum og öðrum rýmum þar sem ekki er gott að vera með rafmagnssnúru á eftir sér. Einnig erum við með Hipster-mjaðmaryksugur sem henta vel fyrir fagfólk,“ útskýrir Valþór.

Rétt er að geta þess að Marpól ehf. býður upp á viðgerðarþjónustu fyrir sínar vélar. „Á höfuðborgarsvæðinu bjóðum við fyrirtækjum upp á að sækja og skila vélum vegna viðgerða. Þá lánum við ryksugur á meðan vélar eru í viðgerð ef viðskiptavinur óskar eftir því.“

Valþór segir það mikilvægt að þegar fólk kaupir sér ryksugu þá skoði það um leið gæði ryksugupoka og hvað þeir kosta. „Þá er einnig gott að hafa í huga hvort hægt sé að gera við ryksuguna ef hún bilar. Og

Sebo Felix-ryksugan er vinsæl hjá Marpól en hún er skemmtileg útlits og fæst í mörgum litum. „Þessa vél geymir fólk ekki endilega inni í skáp heldur hefur hana frekar til sýnis enda er meira að segja hægt að fá hana með Swarovskikristöllum þannig að þetta er hálfgerður skrautmunur.“

fá sérstakan haus fyrir bónslípun og til notkunar við að slípa marmara og náttúruflísar. Einnig er hægt að setja demantsskífur í þann haus þannig að hægt er að auka við og viðhalda gljáa á marmara um leið og ryksugað er.“

Hann nefnir líka að Sebo Felix-ryksugan sé vinsæl hjá þeim en hún er skemmtileg útlits og fæst í mörgum litum. Hægt er að skipta um ysta filter vélarinnar og breyta þannig útliti hennar. „Þessa vél geymir fólk ekki endilega inni í skáp heldur hefur hana frekar til sýnis enda er meira að segja hægt að fá hana með Swarovski-kristöllum þannig að þetta er hálfgerður skrautmunur,“ segir hann og brosir.

hvort hægt sé að fá varahluti í þær almennt. Ef allra ódýrustu ryksugurnar eru keyptar eru þær í mörgum tilfellum ónýtar ef þær bila. Allar ryksugurnar frá okkur er hægt að gera við og fá í þær alla íhluti. Pokarnir í þær eru líka á mjög góðu verði og þetta eru stórir og hagkvæmir pokar. Að lokum er svo gaman að segja frá því að oft þegar við höfum selt fólk Sebo-ryksugur hefur það séð ástæðu til að hringja í okkur og segja okkur að nú finnst því loksins gaman að ryksuga.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni marpol.is og í verslun að Nýbýlavegi 18, Dalbrekkumegin, Kópavogi.



Drífa Þorgeirsdóttir, sölukona hjá Marpól, tekur vel á móti öllum þeim sem vilja skoða ryksugur. MYND/VILHELM



Ryksugur eru í miklu úrvali hjá Marpól.



Á Sebo Felix-ryksugunum má skipta um ysta filter vélarinnar og breyta þannig útliti hennar.



Sebo eru þýskar og eru framleiddar í Þýskalandi að öllu leyti. Ryksugurnar eru mjög vandaðar, þær eru mjög þéttar, notendavænar og endingargóðar.



Sebo er bæði hægt að fá sem heimilis- og fyrirtækjaryksugur. Valþór segir þær hafa mjög gott filterkerfi og vera þekktar fyrir það.

Sterkur félagi í þrifum

Ryksugur og hreinsitæki frá Cleanfix hafa fyrir löngu sannað stöðu sína hér á landi enda þjónað fyrirtækjum hérlandis í tuttugu ár. Ryksugurnar henta öllum gerðum fyrirtækja við margs konar þrif. Aflvélar reka einnig fullkomið verkstæði í tengslum við ryksugurnar og eiga alla varahluti á lager.

Ryksugurnar frá Cleanfix hafa þjónað íslenskum fyrirtækjum og stofnunum í 20 ár. Cleanfix er eitt af þekktari vörumerkjum heims þegar kemur að ryksugum enda hafa þær notið mikilla vinsælda um allan heim og ekki síður hér á landi. Aflvélar ehf. í Garðabæ eru umboðsaðili fyrir Cleanfix hér á landi og segir Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri fyrirtækisins, að ryksugurnar séu notaðar víða um land, bæði hjá litlum og stórum fyrirtækjum.

„Við seljum ýmsar stærðir og gerðir af Cleanfix-ryksugum til ólíkra nota, hvort sem um er að ræða á parket, gólfduka eða teppi. Ryksugurnar eru t.d. mikið notaðar í kvikmynda-húsum, hótélum og í mörgum stærri fyrirtækjum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Við seljum einnig öflugar teppahreinsivélar og gólfþvottavélar frá Cleanfix hafa komið mjög vel út.“

Meðal vinsælli ryksuga fyrirtækisins hér á landi nefnir Friðrik Ingi Cleanfix S 10. „Hún

hefur lengi verið ein vinsælasta ryksugan okkar enda þekkt fyrir góðan sogkraft, góða endingu og lága bilanatiðni. Vélin er auk þess á fimm hjólum sem gerir hana léttá í meðförum.“ S 10 er búin eitt þúsund vatta mótör sem skilar mjög góðum sogkrafti auk þess sem kúlulögun hennar gerir það að verkum að hún þolir meira hnjask og mótör skemmist ekki þótt vélin detti niður tröppu. „Einnig má nefna RS 05-bakryksuguna sem hentar sérstaklega vel þar sem erfitt er að komast að með stórar vélar. Þar má t.d. nefna stiga-ganga, þrengri staði í bíóhúsum og skipum og ýmsum fleiri stöðum. Vélin er létt og hávaðalítill og er því þægilegt að ganga um með hana á bakinu.“

Framleiðslan í Sviss

Friðrik Ingi nefnir einnig til sögunnar gólfþvottavélar en þar hefur Cleanfix mikið forskot að hans sögn. „Þetta eru vélar ætlaðar til notkunar á flestar gerðir gólfa en þær spreypja vatni á gólf, skrúbbu með burstu og soga síðan upp

óhreint vatnið. Nú eru þeir einnig komnar með róbót þannig að mannshöndin þarf lítið að koma við sögu.“

Cleanfix er svissneskt fyrirtæki sem stofnað var árið 1976 og hefur alla tíð haft höfuðstöðvar þar í landi. „Cleanfix-vörur eru seldar í 85 löndum víða um heim og fer öll framleiðslan fram í Sviss sem þykir nokkur sérstakt á okkar tímum. Það skýrist af því að fyrirtækið vill framleiða einfaldar en góðar vélar í hæstu gæðum. Öll framleiðslan fer því fram í Sviss, meira að segja á dælu-um sem eru í ryksugunum og öllum plasthlutum. Bestu gæði er það eina sem kemst að hjá þessu úrvals fyrirtæki.“

Saga stofnenda þess er einnig ansi sköndin að sögn Friðrik Inga. „Það voru bræður sem stofnuðu fyrirtækið. Þeir tóku sig til með tvær hendur tómar og framleiddu tvær teppahreinsivélar. Að smíði lokinni fóru þeir úr húsi og sneru ekki til baka fyrr en báðar vélar voru seldar. Þá tóku þeir sér vikufri og svo hófst framleiðslan



„Við seljum ýmsar stærðir og gerðir af Cleanfix-ryksugum til ólíkra nota, hvort sem um er að ræða á parket, gólfduka eða teppi,“ segir Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla.

MYND/ANTON

eftur. Annar þeirra gerðist svo bjarnatemjari þannig að segja má að þeir hafi valið hvor sína leiðina í lífinu.“

Aflvélar er með stórt og fullkomið verkstæði að Vesturhrauni 3 í Garðabæ sem sinnir

öllum viðgerðum og viðhaldi á Cleanfix-ryksugum. „Þar starfar sérþjálfaður starfsmaður sem sinnir öllum viðgerðum og veitir tæknilega aðstoð.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is.

10.000 Íslendingar eiga Rainbow

**RAINBOW
MUN KOMA ÞÉR Á ÓVART**



Pantaðu kynningu þér að kostnaðarlausu
Kynning tekur 20 mínútur

Rainbow.is | rainbowsystem.com | rainbow@rainbow.is

Hreint loft og minni þrif

Íslendingar þekkja vel Rainbow-ryksugurnar enda hafa um 10.000 ryksugur verið seldar hér á landi síðan 1991. Ryksugurnar eru eingöngu seldar í heimahúsum.

Rainbow-ryksugurnar eru vel þekktar á Íslandi enda hafa verið seldar um 10.000 ryksugur hér á landi síðan 1991. Að sögn Sveins Antonssonar, umboðs- og dreifingaraðila Rainbow á Íslandi, byggja ryksugurnar á snjöllu kerfi þar sem samspil miðflottaafis, lofts og vatns leysir vandamál sem fylgja hefðbundnum ryksugum með pokum og síum. „Slíkar vélar hleypa fínkornuðu ryki og rykmauraúrgangi gegnum pokana og síurnar, beint aftur út í andrúmsloftið en Rainbow heldur því í vatninu. Þetta er hágæða framleiðsla sem endist í yfir 40 ár.“

Hann segir eðlilegra að kalla Rainbow-ryksuguna fullkomið hreingerningarkerfi frekar en ryksugu. Þar sem hún heldur alltaf fullu gegnumstreymi lofts, næst alltaf hámarksárangur við þrifin auk þess sem loftið verður hreint og umhverfið heilnæmara. „Það er misskilningur að það þurfi mikinn sogkraft til að ryksuga heldur þarf frekar gott loftflæði. Rainbow er eingöngu með 875 vatta mótör enda liggur leyndarmálið ekki í stærð mótörs og sogkrafts.“

Astma- og ofmæmissamtök Bandaríkjanna (AAFA) í félagi með Ofnæmissamtökum Bandaríkjanna (ASL) hafa veitt Rainbow hina eftirsóttu vottun sína.

Rainbow-ryksugur eru eingöngu seldar í heimahúsum. „Við leggjum mikla áherslu á að fólk gefi sér góðan tíma til að hlusta vel og skoða hvernig ryksugan virkar innan veggja heimilisins. Fólk þregdur iðulega þegar það sér óhreinindin sem Rainbow nær upp þrátt fyrir að þrifið hafi verið fyrir kynningu.“

Nánari upplýsingar má finna á www.rainbow.is og www.rainbowsystem.com. Fyrirspurnir sendist á rainbow@rainbow.is auk þess sem hægt er að kíkja í verslunina að Starfsmýri 2a í Reykjavík.





Fáðu Stöð 3 á betra verði í haust

HEILL HELLINGUR AF NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3

3

Það verður boðið upp á margt nýtt og spennandi á Stöð 3 í vetur. Á dagskrá verður fjöldi nýrra spennu- og grínþátta sem enginn má missa af. **Vertu með okkur í vetur, þú finnur örugglega þætti við þitt hæfi á Stöð 3.**



STÖÐ 3 + ENDALAUST TAL + 1 GB Í GSM = **1.990 kr.** til 1. nóvember

GULLRYKSUGA

Dýrasta ryksuga heims er sögð henta vel til þess að þrifa rauða dregla, snekkjudekk og stórar límósínur. Ryksugan dýra er fól fyrir átta hundruð þúsund pund eða litlar 155 milljónir rúmar. Sugan fína er með 24 karata gullhúð og fæst aðeins í takmörkuðu upplagi. Hún vegur sjö og hálf kíló og með henni fylgir upprunavottorð þegar hún er keypt.

Aðeins hundrað eintök af ryksugunni voru framleidd fyrir netverslunina Firebox.com. Í hvert eintak er grafið opinbert raðnúmer og henni fylgir lífstíðar ábyrgð.

Á síðunni sem selur dýrgripinn, Firebox.com, kemur fram að „jafnvel þeir óskiljanlega efnuðu hafi gagn og gaman af smávægis þrifum. Aðalmunurinn er að þegar þeir þrifa gera þeir það með gullhúðaðri, átta hundruð þúsund punda, hágæða ryksugu.“

**BETRI LÍÐAN Á HREINU HEIMILI**

Það finnst ekki öllum skemmtilegt að þrifa heimilið. Engu að síður verða allir að þrifa í kringum sig. Hægt er að gera þriffin auðveldari með því að vera skipulagður. Með því að taka til eftir sig jafnóðum, til dæmis aldrei láta óhreint leirtau liggja í vaskinum safnast aldrei neitt upp. Ef fólk er ekki með uppþvottavél er einfaldast að þvo upp strax. Það getur komið í veg fyrir mikinn kvíða. Það tekur um það bil 15 mínútur að þvo upp eftir matinn. Gott er að nota þann tíma til að hugsa eitthvað skemmtilegt eða hlusta á góða tónlist.

Ef þú hefur áhyggjur af draslinu í fataskápnum er best að drífa sig í að taka til. Ánægjan er svo mikil þegar verkinu er lokið. Taktu öll fót sem ekki hafa verið notuð lengi og gefðu þau til góðgerðarmála eða reyndu að koma þeim í verð á sölusíðum, til dæmis á Facebook.

Mjög mikilvægt er að þrifa það herbergið reglulega. Það tekur ekki langan tíma ef því er haldið hreinu daglega. Gerðu það að venju að skola vaskinn á hverju kvöldi og fara með bursta í klósettið.

Ryksugan er besti vinurinn. Auðvelt er að fjarlægja ryk á hinum ýmsu stöðum með aukahlutum sem fylgja henni. Hvort sem það er í lofti, ofan á myndum, speglum, á rimlagluggatjöldum eða öðrum stöðum þar sem ryk safnast fyrir. Gott er að nota burstann. Athugið að skipta um síu í ryksugunni þegar skipt er um poka. Stífluð sía dregur úr krafti ryksugunnar.

**NILFISK OG NILFISK**

Árið 2003 var hljómsveitin NilFisk stofnuð af fjórum 15-16 ára drengjum úr barnaskólanum á Eyrbakka og Stokkseyri en nafnið er dregið af ryksuguframleiðandanum góðkunna Nilfisk. Sveitin vann það sér helst til frægðar að leika eitt lag á tónleikum einnar vinsælustu rokksveitar síðasta áratugar, Foo Fighters, sem heim sótti Ísland í fyrsta sinn árið 2003 og lék í Laugardalshöll fyrir fullu húsi. Aðdraganda þess óvænta heiðurs má rekja til þess að meðlimir Foo Fighters sátu að snæðingi degi fyrir tónleikana á veitingastaðnum Við fjöruborðið á Stokkseyri þegar



þeir heyrðu til strákanna á æfingu skammt frá. Dave Grohl, leiðtogi Foo Fighters, ruddist inn á æfinguna og settist við trommusettil NilFisk og tók lagið með þeim. Eftir stutt spjall var þeim boðið á tónleikana þar sem NilFisk tróð óvænt upp og tók lag. Nokkru síðar komust lögfræðingar ryksuguframleiðandans á snoðir um nafngift íslensku sveitarinnar og gerðu athugasemdir, í formlegu bréfi, um notkunina á nafninu. Kröfðust þeir að allur varningur á borð við geisladiska og boli yrði gerður upptækur. Allt féll fyrir tónleikana á ljúfa löð. Hljómsveitin NilFisk lagði upp laupana árið 2008.

**Sterkur félagi í þrifum!**

Cleanfix, ryksugur og tæki til þrifa. Tækin eru framleidd í Sviss. Sterkar vélar, þola mikla notkun.

Varahlutir og þjónusta hjá Aflvélum.



Vesturhraun 3 • 480 - 0000

Gæði og aftur gæði... fyrir fyrirtæki og stofnanir